

## 7. gr.

Styrktarmenn sjóðsins geta allir þeir orðið, sem greiða árlegt framlag til sjóðsins. Árgjaldið skal ákveðið á fundi styrktarmanna, sem haldinn skal 1. maí ár hvert og telst það aðalfundur. Á þeim fundi gefur stjórn sjóðsins skýrslu um hag hans og starfsemi og leggur fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið almanaksár. Þá skal og á þeim fundi kjósa sjóðsstjórn.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, sem kjörnir eru á stofnfundi, en síðan á aðalfundi, sbr. 7. gr. Skulu stjórnarmenn vera úr hópi styrktarfélaga. Stjórnin skiptir með sér verkum innan viku frá aðalfundi: formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Hlutverk stjórnarinnar er að annast um varðveislu sjóðsins og úthlutun styrkja og viðurkenninga. Skal stjórn sjóðsins halda gjörðabók um stjórnarfundi og aðra fundi. Auk stjórnar skal fundurinn einnig kjósa 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir einnig vera úr hópi styrktarfélaga.

## 9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í einhverjum af ríkishönkunum. Þá getur sjóðurinn og með samþykki meirihluta stjórnar ávaxtað fé sitt með kaupum á vísitölutrygðum skuldabréfum Seðlabanka Íslands.

## 10. gr.

Ársvextir sjóðsins, framlög og tekjur skulu leggjast við hann óskert uns höfuðstóll hans er orðinn kr. 150 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — en þá fyrst má verja allt að helmingi af árstekjum sjóðsins til úthlutunar samkvæmt 6. grein. Hinn hlutinn leggst við höfuðstól, sem ekki má skerða. Telji-sjóðsstjórn ekki ástæðu til þess að ráðstafa því fé, sem heimilt er að úthluta samkv. 6. grein, getur hún annað tveggja lagt það fé við höfuðstól eða geymt það til síðari úthlutunar.

## 11. gr.

Skipulagsskrá Minningarsjóðs um Ögmund Jónsson var lögð fyrir stofnfund styrktarmanna hinn 1. maí 1971 og samþykkt á þeim fundi í þeirri mynd, sem hér er prentað. Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi með samþykki meirihluta skuldlausra styrktarfélaga.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, sem andaðist 10. okt. 1972.

Heimili sjóðsins er að félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi.

Sjóðurinn er stofnaður af félögum karlakórsins Feykis á afmælisdegi Árna heitins Jónssonar 21. apríl 1974, með framlagi að fjárhæð kr. 100 000.00 — eithundrað þúsund krónur 00/100.

### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja tónlistar- og sönglíf í sveitum Skagafjarðar. Má þar til nefna tónlistarkennslu, stuðning við söngkóra, svo og námsstyrki til aðila, er stunda tónlistarnám til undirbúnings starfa á starfssviði sjóðsins.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk stofnframlags samkvæmt framanrituðu:

1. Framlög og gjafir, er berast kunna.
2. Ágóði af minningar- og jólakortum, er sjóðurinn kann að gefa út.
3. Ágóði af samkomum, sem haldnar kunna að verða á vegum sjóðsins.
4. Vextir af höfuðstól, (sjá þó 4. gr.).

### 4. gr.

Eigi má úthluta styrkjum úr sjóðnum fyrr en hann hefur náð kr. 500 000.00. Má þá úthluta  $\frac{2}{3}$  af ársvöxtum, en  $\frac{1}{3}$  þeirra leggst ávallt við höfuðstól.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan tryggilegan hátt.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal starfa undir umsjón sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 2 og jafnmargir til vara, kosnir af sýslunefnd, eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar og 1, tilnefndur af Báru Jónsdóttur á Víðimel, ekkju Árna Jónssonar, og niðja þeirra, meðan þeirra nýtur við, en að þeim frágengnum skal hreppsnefnd Akrahrepps nefna 1 mann og annan til vara í stjórn, eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndar.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gert í Héðinsminni, 21. apríl 1974.

Magnús H. Gíslason.

Árni Bjarnason.

Sveinn Þ. Gíslason.

Sig. Sigurðsson.

Konráð Gíslason.

Guðmann Tóbiásson.

Gunnar Oddsson.

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Laugarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.